

Mál nr. 10/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. október 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni sökum vinnuslyss. Atvik voru þau að M var að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Y, á starfsstöð X. Hafi hún verið á staflara þegar rafmagnstjakki, sem var í eigu X og stjórnað af starfsmanni þess, Z, var bakkað á hana með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum. M hafi gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafi, með tölvupósti dags. 17. mars 2021, hafnað bótaskyldu þar sem slysið væri að rekja til gáleysis M sjálftrar sem hefði ekið í öfuga akstursstefnu, án þess að líta aftur fyrir sig. M hafnar þessu alfarið og telur slysið að rekja til saknæms gáleysis Z. Hefði M ekið í það sem V kalli „réttu akstursstefnu“ hefði hún ekki séð fram fyrir sig vegna bretta á staflaranum og þess utan hafi Z þá einnig ekið í „öfuga“ akstursstefnu, sem sé þá mögulega viðhaft verklag hjá X. Hafi Z þá bakkað inn á vinnusvæði hennar án þess að ganga úr skugga um að óhætt væri að aka aftur á bak. Hefði Z með aukinni aðgát getað komið í veg fyrir umræddan tjónsatburð. Máli sínu til stuðning vísar M til ákvæða umferðarlaga og nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hafi X þannig borið að setja skýrar reglur um framkvæmd starfs þeirra sem stjórni vinnuvélum og tryggja eftirfylgni þeirra og þess að fyllsta öryggis væri gætt.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða að ekki sé sýnt fram á af hálfu M að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X verði gert að bera ábyrgð á. Slys hennar verði aðeins rekið til óhappatilviljunar og eigin aðgæsluleysis. Ljóst sé af myndum af vettvangi að M hafi bakkað standlyftaranum í öfugri akstursstefnu, þ.e. vinstra megin á akstursleið, inn í akstursleið sem liggja þvert á þá akstursleið, án þess að líta aftur fyrir sig og í veg fyrir Z sem hafi ekið lyftara í hægri beygju í sömu akstursleið og M hafi bakkað inn á. Því er sérstaklega mótmælt að Z hafi bakkað inn á vinnusvæði M enda sé augljóst af ljósmyndum að áreksturinn varð á akstursleið.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni er, auk ljósmynda, myndband af umræddu atviki. Af framangreindum gögnum má sjá að þrír starfsmenn eru við akstur vinnuvéla á fremur afmörkuðu svæði í starfsstöð X. Má þar sjá að M ekur umræddum staflara beint aftur á bak, en að Z ekur umræddum rafmagnstjakki, á sýnu meiri hraða, í beygju aftur á bak, með þeim afleiðingum að Z og M rekast saman. Fyrir nefndinni liggur ekki sjálfstæð frásögn X, né neinar frekari upplýsingar um verklagsreglur hvað varðar hugsanlegar akstursleiðir á þessu svæði. Er því að mati nefndarinnar ósannað að M hafi hagað störfum sínum í ósamræmi við skýrar verklagsreglur og ekki er sýnt fram á með hvaða hætti hún hafi ekið í „öfuga akstursstefnu“. Hvað sem því líður er þá ljóst að Z bar að gæta að annarri umferð, enda mátti hann gera sér grein fyrir að önnur umferð gæti verið á svæðinu og bar því að huga að henni við akstur aftur á bak. Af umræddum gögnum verður ekki ráðið að Z hafi litið aftur fyrir sig áður en hann sveigði aftur á bak á að því er virðist þó nokkrum hraða. Verður að telja að hann hafi með því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 en þar kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Sú skylda hvílir jafnt á ökumönnum þó um sé að ræða akstur á vinnusvæði svo sem hér um ræðir. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Af framangreindum gögnum má ráða að M hafi heldur ekki hugað sérstaklega að annarri umferð við akstur aftur á bak en jafnvel þótt hún kunni með því að hafa sýnt

Óvarkárni er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að virða þá háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Af þeim sökum er réttur hennar til bóta úr ábyrgðartryggingunni óskertur.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir